

**1034. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 15. október 2018
og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Daníel Jakobsson formaður og Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæraritari.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæraritari.

Dagskrá:

1. Sala á lausafé - 2018100029

Lagt fram minnisblað Hálfðans Bjarka Hálfðánssonar upplýsingafulltrúa um reglur um sölu á lausafé Ísafjarðarbæjar og stofnana.

Bæjarráð frestar málinu til næsta fundar.

Gestir

Hálfðán Bjarki Hálfðánsson, upplýsingafulltrúi - 08:10

2. Tölvumál Ísafjarðarbæjar - 2017020127

Kynnt er minnisblað Hálfðans Bjarka Hálfðánssonar upplýsingafulltrúa um kaup og rekstur á tölvubúnaði í stað sýndarvéla. Einnig kynntir útreikningar Hálfðans og drög að úttekt Odds Hafsteinssonar upplýsingaöryggisstjóra á tölvumálum Ísafjarðarbæjar.

Málefni kaup og reksturs á tölvubúnaði kynnt á fundinum.

3. Vestfirðingabann - borgarafundur um atvinnu- og samgöngumál á Vestfjörðum - 2018100039

Lagt fram bréf Guðmundar Halldórssonar, dagsett 6. október sl. Guðmundur vitnar í grein í Bændablaðinu með yfirskriftinni „Vestfirðingabann“, þar sem fjallað er um hvernig haldið hefur verið aftur af framkvæmdum til atvinnusköpunar eða samgöngumála, og leggur til að haldinn verði borgarafundur í október til að koma á framfæri skýrum skilaboðum um vilja fólks á Vestfjörðum í þessum málum.

Lagt fram til kynningar.

4. Krabbameinsfélagið Sigurvon - styrkbeiðni - 2018100042

Lagt fram bréf Helenu Hrundar Jónsdóttur, f.h. Krabbameinsfélagsins Sigurvonar, dagsett 8. október sl., þar sem óskað er eftir styrk til starfsemi félagsins.

Bæjarráð veitir almennt ekki rekstrarstyrk til félagasamtaka, en felur bæjarstjóra að hafa samband við forsvarsmenn Sigurvonar.

5. Engi, leiga á húsnæði til ArtsIceland. - 2017020022

Lagður fram tölvupóstur Elísabetar Gunnarsdóttur f.h. Arts Iceland, dagsettur 8. október sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort Arts Iceland fái áfram afnot af Engi, Seljalandsvogi 102.

Bæjarráð ákveður að framlengja leigusamning við Arts Iceland fram til 1. desember 2019.

6. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018/2019 - 2018100024

Lagt er fram bréf Jóhanns Guðmundssonar og Annasar Jóns Sigmundssonar, f.h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 2. október sl., þar sem byggðakvóti fiskveiðiársins 2018/2019 er auglýstur til umsóknar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að sérreglur fyrir Ísafjarðarbæ vegna byggðakvóta 2018-2019 verði óbreyttar frá fyrra ári.

7. Ærslabelgur á Eyrartúni - 2017010043

Lagt fram bréf Ragnheiðar Hákonardóttur, dagsett 10. september sl., þar sem lagt er til að ærslabelgur á Eyrartúni verði fjarlægður og komið fyrir annars staðar.

Bæjarráð þakkar erindið og felur bæjarstjóra að svara bréfritara.

8. Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 - 2023 , 172. mál. - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 12. október sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019 - 2023 , 172. mál.

Lagt fram til kynningar, bæjarstjóra falið að skila inn umsögn Ísafjarðarbæjar.

9. Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 -2033 , 173. mál. - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 12. október sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 -2033 , 173. mál.

Lagt fram til kynningar, bæjarstjóra falið að skila inn umsögn Ísafjarðarbæjar.

11. Fjárfestingaáætlun 2019-2025 - 2018030083

Umræður um fjárfestingaáætlun Ísafjarðarbæjar.

Gestir

Brynjar Þór Brynjarsson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 09:00

Edda María Hagalín, fjármálstjóri - 09:55

10. Náttúrustofa - Ýmis erindi og fundargerðir 2018 - 2018020038

Lögð fram fundargerð 110. fundar stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða frá 8. október sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Hafnarstjórn - 200 - 1810006F

Fundargerð 200. fundar hafnarstjórnar sem haldinn var 8. október sl.

Fundargerðin er í 7 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12.1 2012110034 - Endurskoðun erindisbréfs hafnarstjórar

Hafnarstjórn leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki drög að nýju erindisbréfi.

13. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 506 - 1810005F

Fundargerð 506. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, sem haldinn var 10. október sl. Fundargerðin er í 11 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13.1 2018100018 - Umsókn um lóð - Fjarðargata 12, Þingeyri

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Flosason ehf., fái lóð við Fjarðargötu 12, Þingeyri, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

13.3 2018100020 - Vallargata 15, Þingeyri - Umsókn um endurnýjun lóðaleigusamnings og stækkun lóðar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila gerð deiliskipulags sem afmarkast af Brekkugötu, Vallargötu, Aðalstræti og Kirkjugötu. Tilgangur með deiliskipulagi er að afmarka lóðir Vallargötu 15, Vallargötu 7, þ.e. heilsugæslu, og jafnframt að tvær til þrjár nýjar lóðir verði stofnaðar eftir því sem skipulag heimilar.

13.4 2018100008 - Ósk um deiliskipulagsbreytingu - Hafnarbakki 3, Flateyri

Skipulags- og mannvirkjanefnd, leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingar á deiliskipulagi Flateyrarodda, þ.e. að hækka nýtingarhlutfall lóðar við Hafnarbakka 3 og stækkun byggingareits.

13.7 2018100022 - Núpur - Staðfesting makaskipta og landauppskipta við Núp í Dýrafirði.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja makaskiptasamning dagsettan 12.01.2006 milli þáverandi eigenda jarðarinnar Núps 140795 og Ríkissjóðs Íslands Núverandi eigendur hafa staðfest makaskipti með nýrri yfirlýsingu dags. 1. júlí 2018. Jafnframt er lagt til við bæjarstjórn að heimila að hlut Ríkiseigna verði veitt lausn úr landbúnaðarnotum.

14. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 72 - 1810003F

Fundargerð 72. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar sem haldinn var 9. október sl. Fundargerðin er í 4 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

14.3 2017030089 - Framtíðarskipulag skíðasvæðis Ísafjarðarbæjar

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að starfshópurinn verði skipaður í samræmi við tillögurnar. Samkvæmt þeim verður hópurinn skipaður formanni umhverfis- og framkvæmdanefndar, byggingarfulltrúa og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:35

Arna Lára Jónsdóttir

Daníel Jakobsson

Marzellíus Sveinbjörnsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir